

**Nd.** **301. Nefndarálit** **[108. mál]**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Háls og Kambs-  
hjáleigu í Búlandshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leitað umsagna Jarðeignadeildar og Landnáms  
ríkisins. Umsagnirnar eru prentaðar með nefndarálitinu sem fylgiskjöl.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 1. febr. 1972.

Stefán Valgeirsson,  
form.

Ágúst Þorvaldsson,  
fundaskr.

Vilhjálmur Hjálmarsson,  
frsm.

Jón Snorri Þorleifsson.

Gunnar Gíslason.

Benedikt Gröndal.

## Fylgiskjal I.

### LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 13. desember 1971.

Háttvirt landbúnaðarnefnd neðri deildar hefur spurt landbúnaðarráðuneytið um álit þess á framkomnu frumvarpi um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Búlandshreppi kirkjujarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Hálsþinghá í Suður-Múlasýslu.

Báðar þessar jarðir hafa verið í eyði um alllangt skeið, og ekki eru líkur til, að þær verði leigðar til ábúðar í framtíðinni. Hins vegar liggja þær vel við til sameiginlegra nytja fyrir þorpsbúa á Djúpavogi.

Ekki verður séð, að sérstakir hagsmunir séu tengdir því fyrir ríkissjóð að eiga áfram jarðirnar.

Landbúnaðarráðuneytið fellst því á fyrir sitt leyti, að fyrrgreint frumvarp um söluheimild nái fram að ganga.

F. h. r.  
Sveinbj. Dagfinnsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar.

## Fylgiskjal II.

### LANDNÁM RÍKISINS LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 15. des. 1971

Landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur sent Landnámi ríkisins bréf, dags. 7. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga, mál 108, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.

Í greinargerð með frv. kemur fram, að Búlandshreppur hyggst kaupa jarðirnar. Rök hreppsnefndar eru þau m. a., að Djúpavogskauptún hafi vatnsból í landi Háls og að fyrirhugað sé að tengja vatnsból í landi Kambshjáleigu vatnsveitu Djúpavogs. Þá segir enn fremur, að íbúar á Djúpavogi hafi fulla þörf fyrir lönd jarðanna fyrir þann búpening, sem þeir eiga.

Jarðir þessar eru litlar, húsalausar eyðijarðir, sem verið hafa í eyði lengi, og liggja norðan Hvammsfjarðar, 2—3 km frá byggðakjarnanum í Djúpavogi.

Í nýja fasteignamatinu er Háls metinn á kr. 58 000.00 og Kambshjáleiga á kr. 16 000.00.

Búfjáreign íbúa hreppsins er um 1000 fjár og 1 kýr.

Ekki verður séð, að jarðir þessar hafi þá kosti til að bera, að þær geti talizt framtíðarbújarðir, en hins vegar geta lönd þeirra verið nokkur stuðningur við fjárbúskap á Djúpavogi, enda þótt ekki verði annað séð en að land jarðanna hafi verið notað af fjárbændum á Djúpavogi um árabil, án þess að jarðaeigandi hafi stuggað fé úr landareign sinni.

Engu að síður verður að telja það til forsjálmi og framsýni hjá sveitarstjórnnum að festa kaup á jörðum eða landssvæðum í nágrenni vaxandi þéttbýliskjarna.

Landnám ríkisins getur því mælt með samþykkt þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,  
LANDNÁM RÍKISINS  
Árni Jónsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar  
Alþingis  
Reykjavík.